

Samþykkt um meðferð fundargerða og gagna vegna félaga, samtaka og samninga sem Seyðisfjarðarkaupstaður er aðili að

Bæjarstjórn samþykkir að fundargerðir hinna ýmsu samtaka, félaga, stoðstofnana og byggðasamlaga og samninga um samstarfsverkefni sem sveitarfélagið er aðili að fara til kynningar og eftir atvikum umfjöllunar í þeim nefndum sem um viðkomandi mál fjalla samanber lista neðar í skjalinu. Það sama á við um allt efni sem kemur frá viðkomandi aðilum, nema það sem snýr beint að fjárframlögum en allt slíkt fer fyrst til bæjarráðs/hafnarmálaráðs og síðan til nefnda til ráðgjafar fyrir bæjarstjórn.

Samstarfsverkefni.

Bæjarráð: Almannavarnarnefnd, Austurbrú, Brunavarnir á Austurlandi, Samband íslenskra sveitarfélaga (kjarasvið), Samband sveitarfélaga á Austurlandi(SSA), Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, Samtök Orkusveitarfélaga, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, Samorka.

Fræðslunefnd: Skólaskrifstofa Austurlands.

Atvinnu- og framtíðarnefnd: Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, Starfa.

Umhverfisnefnd: Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Ferða- og menningarnefnd: Héraðsskjalasafn Austurlands, Menningarráð Austurlands, Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi, Tækniminjasafn Austurlands.

Velferðarnefnd: Skíðasvæðið í Stafdal, félagsmálanefnd.

Tímabundin verkefni:

Bæjarráð:

Samstarf sveitarfélaga á Landsvísu:

Bæjarstjórn: Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Hafnarmálaráð: Hafnarsamband Íslands, Cruice Iceland.

Samþykkt í bæjarstjórn 13. ágúst 2014.